

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

17. desember 2025, Reykjavík
UOS2511165/P.S

Umsögn- Matskyldufyrirspurn- Aukin vatnstaka og borholur í landi Steindórsstaða í Borgarbyggð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 21. nóvember 2025 þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda matskyldufyrirspurn.

Framkvæmdalýsing

Veitur eru að undirbúa umsókn þar sem sótt er um nýtt nýtingarleyfi vegna vinnslu á köldu vatni úr borholum á Steindórsstöðum. Sótt verður um leyfi til nýtingar á 20 L/s af köldu grunnvatni að jafnaði yfir árið. Fyrir er í gildi nýtingarleyfi upp á 10 L/s. Vinnslan er innan svæðis sem skilgreint er sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá, Reykjadalssá og Rauðsgil. Ekki er talin þörf á nýju borholum né mannvirkjum til að mæta aukinni vinnslu. Þó eru möguleg áform um eina til tvær nýjar borholur á næstu árum í þeim tilgangi að bæta rekstraröryggi í langvarandi frostaköflum og þurrkum.

Leyfi Umhverfis- og orkustofnunar

Vinnslan er háð nýtingarleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun sbr. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Áhrif á vatn

Í kafla 6.1 er gerð grein fyrir áhrif framkvæmdarinnar á vatn og auk þess fylgir með áhrifamat á vatnshlot í viðauka. Áhrifamatið nær yfir vinnsluaukningu og borun nýrrar nýtingarholu auk mögulega annarar holu ef afköst þeirrar fyrri verða eru minni en áætlað er.

Vinnslusvæðið tilheyrir grunnvatnshlotsinu Hvítá í Borgarfirði (nr. 104-270-G) og er staðsett á áreyrum árinna Rauðsgils (nr. 104-205-R¹). Írennsli er frá ánni og í áreyrina og er vatnsbólið fætt af ánni en ekki grunnvatni. Vinnslan veldur staðbundum niðurdrætti í áreyrunum í kringum holurnar. Ekki eru til mælingar á rennsli Rauðsgils en miðað við afrennsli á vatnsviði

¹ Straumvatnshlotið heitir Þverlækur, Fellalækur, Skammá og Sléttafellskvísl í vatnavefsjá.

árinna er vatnstaka (20 L/s) talin vera innan við 3% af rennsli árinna að sumri en líklegast ekki meiri en 10% þegar rennslið er í lágmarki að vetri.

Ekki er talið að ástand vatnshlotanna muni hnigna og er framkvæmdin ekki talin hafa áhrif það hvort umhverfismarkmið vatnshlotanna náist eða ekki.

Umhverfis- og orkustofnun telur að í meginatriðum sé gert nægilega grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á vatn í matskyldufyrirspurninni. Þó gerir stofnunin eina athugasemd: Í umsókn og í áhrifamati kemur fram að vinnsluaukningin ætti ekki að hafa áhrif á gæðapætti straumsvatnshlotsins. Hinsvegar, að mati stofnunarinnar, gæti vatnstakan haft lítilsháttar áhrif á vatnsformfræði árinna Rauðsgils (Þverlækur, Fellalækur, Skammá og Sléttafellsskvísl nr. 104-205-R), þar sem vatnsbólið er fætt af ánni. Betur þyrfti að gera grein fyrir þessu í áhrifamatinu. Að öðru leyti gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir við umfjöllun um vatnamál í matskyldufyrirspurninni og tekur undir meginniðurstöður hennar, en bendir á að farið verður ítarlegar yfir áhrifamatið í leyfisferlinu hjá stofnuninni.

Umhverfis- og orkustofnun minnir á að samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skulu vatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau og má ástandi vatnshlota aldrei hnigna frá því sem umhverfismarkmið þeirra segja til um, hvorki tímabundið né varanlega.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun telur að í meginatriðum sé nægilega sé gert grein fyrir framkvæmdinni í matskyldufyrirspurninni og að hún ætti ekki að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Stofnunin telur því að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til þeirra þátta sem eru á starfssviði stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

Þorbjörg Sigfúsdóttir

Sérfræðingur

Matthildur Bára Stefánsdóttir

Sérfræðingur



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Borgarnesi, dags. 18. desember 2025
2512077/DG

Efni: Umsögn Borgarbyggðar vegna tilkynninga til ákvörðunar um matsskyldu.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 21.11.2025, þar sem óskað er umsagnar Borgarbyggðar vegna ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Borgarbyggð telur að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og þeim þáttum sem tengjast henni, varúðarráðstöfunum og viðbragðsáætlunum vegna mögulegrar mengunar á framkvæmdatíma. Gerð sé vel grein fyrir áhrifum á vatnshlot Hvítár og straumvatnshlot Rauðgilsár.

Að teknu tilliti til framlagðra gagna telur Borgarbyggð að framkvæmdin falli ekki undir mat á umhverfisáhrifum með tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um mat á umhverfismati framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Vatnsból og vatnsvernd Steindórsstaða (VB5) vatnsból, (VG39) grannsvæði og (VF39) fjarsvæði eru skilgreind í endurskoðuðu aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025-2037.

Þau leyfi sem framkvæmdin er háð og fellur undir Borgarbyggð eru framkvæmdaleyfi, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012.

Virðingarfyllt,

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar



Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands

Hvalfjarðarsveit 22. desember 2025

-Skipulagsstofnun/Skipulagsgátt.
Veitur / Borgarbyggð

**Umsögn : Aukin vatnstaka og borholur í landi Steindórsstaða í Borgarbyggð.
Mál nr. : 1562/2025.**

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HeV) hefur farið yfir gögn á Skipulagsgátt vegna matskyldufyrirspurnar um aukna vatnstöku á áreyrum Reykjadalssár í landi Steindórsstaða.

Fyrirspurnin snýst um að .., „ Veitur eru að undirbúa umsókn um nýtt nýtingarleyfi vegna vinnslu á köldu vatni á Steindórsstöðum fyrir Vatnsveitu Reykholtisdals í samræmi við lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Sótt verður um leyfi til nýtingar á 20 L/s af köldu grunnvatni að jafnaði yfir árið til 50 ára en í gildi er nýtingarleyfi uppá allt að 10 L/s nýtingu. Vinnslan er innan svæðis sem skilgreint er sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá, Reykjadalssá og Rauðsgil og því tilkynningarskyld framkvæmd. Aukin vatnstaka kallar ekki á ný mannvirki á yfirborði eða aðrar aðgerðir sem geta haft í för með sér rask. .. „

VSÓ ráðgjöf hefur unnið fyrir Veitur gögn um matskyldufyrirspurn og áhrifamat á vatnshlot.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að góð grein sé gerð fyrir fyrirhugaðri framkvæmd vegna aukinnar vatnstöku í framlögðum gögnum og að framkvæmdin þurfi ekki að fara í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gefur út starfsleyfi vegna jarðborana í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s. br. og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Ef til kemur að settar verði upp starfsmannabúðir þarf leyfisveitingu vegna þeirra í samræmi við reglugerð um hollustuhætti nr. 904/2024.

Virðingarfyllt

f.h Heilbrigðiseftirlits Vesturlands